



Stjórn Félags eldri borgara á Selfossi tók skóflustungurnar í miðbæ Selfoss í dag. Ljósmynd: Dagskráin/BRV.

Skóflustungur tekur að næsta áfanga miðbæjarins á Selfossi

Skóflustungur að næsta áfanga í uppbyggingu miðbæjarins á Selfossi fóru fram fimmtudaginn 18. september. Það var stjórn Félags eldri borgara á Selfossi sem tóku fyrstu skóflustungurnar að sex nýjum húsum við Miðstræti. Með þessu markast upphaf að fimm þúsund fermetra verkefni sem felur í sér íbúðir, verslunar- og þjónusturými og bílakjallara.

Um er að ræða sex sögufræg hús sem öll átta uppruna sinn í miðbæ Reykjavíkur og verða þau nú reist á Selfossi. Þar á meðal eru Syndikatið og Ingólfshvöll. Á efri hæðum húsanna verða 27 íbúðir en á jarðhæð verslanir og þjónusta. Áætlað er að framkvæmdum ljúki um mitt ár 2027.

„Við erum afar spennt fyrir þessum áfanga enda er hann

fyrsta skrefið í frekari uppbyggingu miðbæjarins á Selfossi,“ segir Leó Arnason, framkvæmdastjóri Landsbyggðar. „Nýi miðbærinn hefur sannað gildi sitt með því að efla mannlíf og menningarstarf í bænum og skapað ný störf. Þetta gefur okkur fullt tilefni til bjartsýni um áframhaldandi uppbyggingu og þau tækifæri sem í henni felast.“

Hugmyndafræðin að baki miðbænum á Selfossi er að endurreisa horfin hús úr Íslands-sögunni og skapa lifandi vettvang fyrir mannlíf og menningu. Þar má nú finna endurbyggð hús víðs vegar af landinu en í þessum áfanga eru öll húsinn ættuð úr miðbæ Reykjavíkur. Húsin voru öll byggð um aldamótin 1900 og mörg þeirra brunnu til

kaldra kola í brunanum mikla árið 1915.

Húsin sem verða reist við Miðstræti:

- **Austurstræti 7:** Tvílyft hús reist snemma á 20. öld, brann 1915.
- **Austurstræti 9:** Þriggja hæða timburhús, hýsti verslunina Edinborg, brann 1915.
- **Syndikatið:** Fyrsta stórverslun landsins, reist rétt eftir 1900, brann 1915.
- **Ingólfshvöll:** Reist 1904, endurbyggt eftir brunann 1915, rífið 1969.
- **Bergstaðarstræti 14:** Timburhús reist 1907, brann rúmum áratug síðar.
- **Völundur:** Trésmiðja reist 1904, rífið um 1990.

Nýtt hjúkrunarheimili rís í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus og Íslenskar fasteignir ehf. hafa undirritað samkomulag um úthlutun lóðar fyrir byggingu nýs hjúkrunarheimilis í Þorlákshöfn. Heimilið verður staðsett við Egilsbraut og Mánabraut, í næsta nágrenni við Lífsgæðasetur aldraðra, og er órjúfanlegur hluti af stærra þróunarverkefni sem nær einnig til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis við Óseyrarbraut.

Markmiðið með byggingu hjúkrunarheimilisins er að styrkja þjónustu við eldri borgara og bæta lífsgæði þeirra til framtíðar. Með þessu samstarfi er stigið mikilvægt skref til að mæta vaxandi þörf fyrir hjúkrunarrými í Ölfusi og á Suðurlandi öllu.

Stefnt er að því að frumhönnunar- og skipulagsvinnu ljúki síðla hausts 2025, en að því loknu verður hægt að ráðast í næstu skref uppbyggingarinnar.

„Ölfusið er í miklum vexti bæði hvað varðar íbúafjölda og atvinnutækifæri. Innviðauppbygging er lykilþáttur í því að vel takist til. Hjúkrunarheimilið er eitt af lykil-

verkefnum okkar til að tryggja góða þjónustu fyrir eldri íbúa Ölfuss,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri.

„Við vinnum nú þegar að stórum verkefnum í Ölfusi og okkur er sönn ánægja að leggja okkar af mörkum í uppbyggingu þjónustu við eldri borgara. Við hjá Íslenskum fasteignum búum yfir sérþekkingu sem mun nýtast vel í hönnun og framkvæmd á þessu mikilvæga verkefni, í nánú samstarfi við sveitarfélagið,“ segir Gunnar Thoroddsen, stjórnarformaður Íslenskra fasteigna.

Samkomulagið kveður á um að lóðinni verði úthlutað án lóðar- eða byggingaréttargjalda, en greidd verði gatnagerðar- og skipulagsgjöld samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins. Með því sýnir Ölfus skýra samfélagslega ábyrgð og setur velferð eldri íbúa í forgang.

Uppbyggingin mun ekki aðeins styrkja Þorlákshöfn sem blómlegt samfélag heldur einnig stuðla að bættri öldrunarþjónustu á Suðurlandi í heild.



Ljósmynd: Sveitarfélagið Ölfus.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Heitt á könnunni
og kleinur á
meðan þú bíður
í september

Gjaldkeri



Bláskógabyggð auglýsir 100% starf gjaldkera laust til umsóknar. Gjaldkeri starfar á fjármála-sviði. Næsti yfirmaður er fjármálastjóri. Starfsstöð gjaldkera er á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu í Reykholti. Við leitum að nákvæmum og talnag-löggum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni.

Meginverkefni

- Greiðsla reikninga
- Ýmis reikningagerð
- Afstemmingar
- Skil virðisaukaskattskýrslu
- Utanumhald um afgreiðslu styrkumsókna
- Önnur störf á fjármálasviði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um stúdentspróf eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi eða mikla starfsreynslu á starfssviði
- Reynsla af gjaldkerastörfum æskileg.
- Þekking á bókhaldi.
- Þekking á Navision fjárhagskerfi kostur.
- Hæfni í að tileinka sér nýja þekkingu.
- Góð almenn tölvukunnátta, þar á meðal á excel.
- Nákvæmni í störfum.
- Mjög góð samskiptahæfni.
- Góð íslenskukunnátta.

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veitir Björgvin Guðmundsson, fjármálastjóri, bjorgvin@blaskogabyggd.is eða í síma 480 3000. Umsóknir skulu berast á www.alfred.is og rennur umsóknarfrestur út 6. október n.k.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Minningargreinar Sigurjón Þór Erlingsson



Mig langar með nokkrum orðum að minnast Sigurjóns Þórs Erlingssonar múr-rameistara og samferðamanni til margra ára. Ég vil þakka honum samfylgdina og forgöngu hans til margra framfaramála í okkar samfélagi. Sigurjón var félagslyndur maður, starfaði af miklum eldmóð og áhuga í mörgum félögum. Hann gaf sér tíma þrátt fyrir þá erfiðisvinnu sem hann stundaði. Hann var áhrifaríkur og fylgin sér í verkum. Mín formlegu kynni af Sigurjóni hófust á vettvangi bæjarmála, en það var árið 1983 að ég fékk þann heiður að taka sæti sem varamaður í bæjarstjórn Selfoss. Við vorum tveir ungir og óreyndir á þessum



vettvangi, ég og Örn Grétars-son. Ég gleymi því ekki hvernig komið var fram við okkur og við hvattir áfram, þá man ég sér-staklega handaband Sigurjóns og hvað hann sagði við mig. Sigurjón átti sæti í sveitarstjórn í þrjú kjörtímabil og lét margt til sín taka til framfara og uppbyggingar í sveitarfélaginu. Síðan lágu leiðir okkar saman á vettvangi kirkjunnar. Sigurjón átti sæti í sóknarnefnd Selfoskirkju í 27 ár, þar af 23 ár sem aðalmaður. Hann var kjörinn ritari á fyrsta fundi og gegndi því hlutverki allan tímann. Það var lærdómsríkt að fá að starfa með jafn reyndum mann og Sigurjón var. Hann var lausnamiðaður og glöggur á aðalatriði málsins og stundum búinn að bóka niður-stöðuna áður en umræðunni var lokið. Hann lagði þekkingu

sína og fagmennsku á margt sem gert var í kirkjunni sem gerði útlit hennar betra. Hann skrifaði sögu kirkjugarðsins frá árinu 1946, tók saman allt efni um kirkjuna og byggingarsögu hennar. Átti m.a. sæti í byggingarnefnd þegar kirkjan var stækkuð. Hann skar út fundar-hamar sem hann gaf kirkjunni og margt fleira gæti ég talið upp sem Sigurjón kom að. En að endingu vil ég fyrir hönd Selfoskirkju þakka Sigurjóni Erlings-syni framlag hans og vinnusemi í garðar kirkjunnar. Megi minning hans lifa um okomin ár. Ég votta öllum afkomendum hans innilegrar samúðar.

Björn Ingi Gíslason,
formaður sóknarnefndar
Selfoskirkju

Þakkir til Sigurjóns Erlingssonar

Við félagar Sigurjóns Erlings-sonar í Samfylkingunni í Árborg, þökkum honum ótult og óeigingjarnt starf fyrir hreyfingu okkar og bæjarfélag. Sigurjón var okkur félögum sínum góð fyrirmynd, því hann lagði alla tíð hug og hjarta í orð sín og verk, var þátttakandi, hvetjandi og ráðgefandi. Hann var þessi samfélagssinni sem sá alltaf að leiðin til framfara lægi í gegnum samstarf og því stærri vettvang-

ur því betri. Hann hlúði að nær-samfélagi okkar með þátttöku í margvíslegum félagsstörfum og í bæjarstjórn, lét sig landsmál miklu varða og sá þessa sömu samstarfsleið ná út fyrir landsteinana líka og var því mjög hvetjandi þess að ríki Evrópu eflaðu samstarf sitt og að Ísland yrði þar fullgildur þátttakandi.

Sigurjón hélt öflugum huga til hinstu stundar. Eitt síðasta verk hans var að rita bók um fólkið sem hafði lagt sitt af

mörkum fyrir íbúa í bæjarfélaginu okkar og skrá þar allt það fólk sem hafði setið í hrepps-nefnd og bæjarstjórn Selfoss og síðan bæjarstjórn Árborgar. Það var hans leið til að þakka því fólk fyrir framlag sitt til samfélagsins sem hann unni.

Sigurjón Erlingsson, kæri félagi, þér sé heiður og þökk.

Fyrir hönd
Samfylkingarinnar í Árborg,
Soffía Sigurðardóttir.

Sérstakur ljómi leikur um minningarnar af áratuga vináttu og samferð með Sigurjóni Þór Erlingssyni en hann var jarð-sunginn frá Selfoskirkju mánudaginn 22. september. Máttarstólpanum í starfi Alþýðubandalagsins og síðar Samfylkingarinnar í Árborg, þar sem hann gekk í öll verk. Eljan endalaus þegar kom að flokksstarfinu enda hafði hann mikla ánægju af því að hræst í ati stjórn-málanna.

Sigurjón var ekki einungis öndvegis iðnaðarmaður heldur einnig afkastamikill rithöfundur. Eftir hann liggur fjöldi ritverka þar sem hann skrásetti sögur og fróðleik af ýmsu tagi. Nú síðast tók hann saman sögu sveitar- og bæjarstjórna Selfoss og Árborgar, þar sem m.a. er að finna ágrip allra sem þar hafa tekið sæti. Því verki lauk hann að morgni dags rétt fyrir andlát sitt.

Eftir að setu Sigurjóns í bæjarstjórn lauk sinnti hann mörgum hlutverkum innan hreyfingarinnar. Til dæmis stillti hann upp sigurlistanum frá sveitarstjórnar-kosningunum í Árborg árið 2002, þegar Samfylkingin vann stórsigur og hlaut 42% atkvæða.

Í þeirri kosningabaráttu ríkti einstök stemning; Tryggvaskál-inn iðaði af mannlífi og ólgaði af krafti. Vinaböndin sem þar urðu til standa enn og voru Sigurjón og Gulla í kjarna þess stóra hóps

sem árum saman hittist í réttar-súpu heima í Skarði.

Með hæð og festu kom Sigurjón mörgu góðu til leiðar. Seinni árin var hann eldheitur Evrópusinni og færði sann-færandi rök fyrir því að landi og þjóð myndi farnast betur í skjóli sambandsins. Rétt eins- og þegar hann fylgdi Margréti Frímansdóttur og félögum úr Alþýðubandalaginu yfir í Samfylkinguna árið 1999. Það gerði hann af sannfæringu fyrir því að sameinað afl jafnaðarfólks væri leiðin til þess að sjónarmið félagshyggju yrðu ráðandi í samfélaginu.

Við Sigurjón stóðum saman vaktina í fleiri kosningabaráttum og prófkjörum síðustu þrjá áratuginna en ég fæ talið. Það var sérstaklega ánægjulegt samstarf og sterk vinátta myndaðist.

Stuðning hans átti ég eindreginn allan minn þingmannsferil og fyrir það er ég þakklátur.

Síðast heimsótti ég Sigurjón í sumarbyrjun þar sem hann sat á heimili sínu umkringur myndum af formanni flokksins okkar og forsætisráðherra. Sigurjón var mikill stuðningsmaður Krist-rúnar Frostadóttur og hafði oft á orði að hann myndi ekki kveðja jarðvistina fyrr en Samfylkingin tæki aftur flugið og næði fyrri stöðu sem kjölfesta íslenskra stjórnmála. Það lifði hann bless-unarlega þegar hann kvaddi saddur lífdaga. Sáttur við guð og menn.

Fjölskyldu og vinum Sigurjóns og Gullu sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur. Minningin lifir um öndvegis fólk.

Björgvin G. Sigurðsson



Ljósmynd: Magnús Hlynur Hreiðarsson.



Nemendur tóku ólíkar nálganir á portrettin sem unnin voru eftir fyrirmyndum að mestu leiti. Mynd: Aðsend.

Möndlað með módernisma

Myndlistarnemar við Fjölbreyttaskóla Suðurlands hafa sett upp fjölbreytta sýningu í Sundhöll Selfoss. Um er að ræða allra stærstu sýningu sem nemendur skólans hafa sett upp í opinberu rými. Sú ber yfirskriftina Möndlað með módernisma enda helsta viðfangsefni hennar listastefnur á tímabilinu 1850-1930 en á því skeiði, og reyndar fram eftir 20. öldinni, átti sér stað margþætt þróun í listsköpun.

Fjölmargir myndlistar- og hönnunaráfangar eru kenndir við skólann. Svokallaðir grunnáfangar eru kenndir hverja önn en aðrir fjórðu hverju önn. Áfanginn sem þessi verk eru unnin í kallast Módernismi og listastefnur og er kenndur fjórðu hverju önn, nú síðast á vorönn 2025. Það fylgir öllum framhaldsáföngum myndlistar að halda sýningu í opinberu rými, enda ákveðið nám sem felst í sýningarundirbúningi. Að auki þurfa nemendur að skila greinargerð með hverju fullloknu verki þar sem þeir íhuga og rök-

styðja í máli og myndum nálgun, stíl, aðferð, myndbyggingu og innihald svo eitthvað sé nefnt. Kennari áfangans var Ágústa Ragnarsdóttir.

Verk úr fjórum verkhlutum áfangans eru til sýnis. Það eru annars vegar raunsæjar kyrralífsblyantsteikningar og hins vegar kúbískar kyrralífspastelmyndir, bráðskemmtilegar andstæður með skyldu móttífi. Þá er það portrett þar sem nemendur sjálfir völdu stíl og aðferð með tilliti til tímabilsins sem um er fjallað og loks fantasíur þar sem áherslan var á hugmyndafræðina og minni sótt að einhverju leiti í hið minnsta tvo stíla frá módernisma tímabilinu.

Niðurstaðan er afar fjölbreytt og forvitnileg sýning þar sem fjölmörg falleg og áhugaverð verk eru til sýnis. Sýningin er sem fyrr segir í Sundhöll Selfoss og stendur yfir frá 17. september til og með 14. október.

Ágústa Ragnarsdóttir

BLEIKA BODIÐ

10. OKTÓBER 2025 | HÓTEL SELFOSSI

HAPPDRAETTIS-MIÐINN KOSTAR AÐEINS 3.000 KR.

Gjafapoki frá Lindex fyrir fyrstu 100 konurnar

LINDEX

Tilefni

SJÁ UM SKREYTINGARNAR Í SALNUM!

Okkar stærsta hátíð og fjáröflunarviðburður verður haldinn föstudagskvöldið 10. október á Hótel Selfossi. Verð 2.500 kr. við inngang.

Nú fyllum við húsið og skemmtum okkur sem aldrei fyrr!

Húsið opnar kl. 19:00 og hefst dagskrá kl. 20:00, góð tilboð á drykkjum og girnilegar veitingar í boði Riverside Restaurant.

Uppboðið verður á sínum stað og Happdrættið okkar er glæsilegt að venju og verður enginn svikinn af sínum vinning! Hver miði kostar einungis 3.000 krónur og er til svo gríðarlega mikils að vinna.

Veislustjóri kvöldsins verður **Gabriel Werner**, Ari Eldjárn uppistandari kitlar hláturtaugarnar og okkar magnaði tónlistarmaður **Magnús Kjartan** mætir á svið og spilar okkur út á dansgólf.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða er mögulegt að panta borð fyrir fram með því að senda tölvupóst á arnessysla@krabb.is.

Við hlökkum mikið til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!

Krabbameinsfélag Árnassýslu

BLEIKA SLAUFAN

LINDEX

VERKEFNISSTJÓRI ÖRYGGIS OG HEILSU

Ert þú ótrúlega örugg týpa?

Við leitum að framsýnum verkefnisstjóra til að leiða öfluga heilsu- og öryggis-menningu á þjórðarsvæði. Verkefnisstjóri öryggis og heilsu vinnur þétt með starfsfólki svæðisins, öryggisstjórum og öðrum ábyrgðaraðilum í fyrirtækinu. Starfið tilheyrir sviði vatnsafls og starfsstöð er í Búrfelli.

Helstu verkefni:

- Eftirfylgni með öryggismálum og úrvinnslu atvika og ábendinga.
- Umsjón með útgáfu verkleyfa og gerð áhættumats starfsfólks og verktaka.
- Umsjón með neyðar- og viðbragðsáætlunum þjórðarsvæðis.
- Samskipti og samstarf við ytri hagsmuna- og eftirlitsaðila er varðar málaflokkinn.
- Leiðir og skipuleggur þjálfun starfsfólks og verktaka varðandi öryggismál.

Hæfni og þekking:

- Háskóla- eða iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af sambærilegum störfum.
- Reynsla af verkefnisstjórnun og teymisvinnu.
- Hæfni til að tjá sig og miðla þekkingu.
- Afburða samskiptafærni og jákvætt viðmót.

Umsóknarfrestur er til og með 2. október

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



Örnám, einstakt tækifæri fyrir Suðurland



Þann 15. september komu saman rektor Háskólans á Hólum ásamt deildarstjórnum, prófessor, gæðastjóra og kennslustjóra með fulltrúum Háskólafélags Suðurlands, SASS og atvinnugreinum á Suðurlandi til vinnufundar um samstarf á nýrri nálgun í háskólamenntun, þróun örnáms á háskólastigi.

Örnám skapar aukinn sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði á háskólastigi og tekur mið af hröðum breytingum í samfélaginu. Þróun slíks náms er mjög spennandi og gerir fleirum kleift að stunda háskólanám, sérstaklega þeim sem ekki geta skuldbundið sig til lengri námsleiða. Einnig er hægt að aðlagða örnám að árstíðabundnu vinnuálagi, það er hentugur kostur fyrir fólk í atvinnulífinu eða fyrir þá sem eru að hefja nám eftir hlé. Örnám er í grunninn sveigjanlegt tæki til að þróa nám svo hægt sé að aðlagða það fjölbreyttum hópi nemenda og ýmsum námsleiðum.

Tilgangur fundarins var að greina þarfir og tækifæri á þróun

örnáms á þeim þremur fræðasviðum Háskólans á Hólum og byggja undir einar af helstu atvinnugreinum Suðurlands, þ.e. ferðaþjónustu í dreifbýli, íslenska hestinn og landeldi á fiski. Jafnframt að meta hvort grundvöllur væri fyrir samvinnu um þróun örnámsleiða sem styðja við samfélagslegar þarfir og stuðla að hækkan menntunarstigs á Suðurlandi með því að tryggja fjölbreyttum hópi fólks aðgang að menntun og símenntun á traustum grunni.

Niðurstöður fundarins sýndu glögg að þörfin fyrir stutt og markvisst nám er mikil, þ.e. örnám sem endurspeglar fræðasvið Háskólans á Hólum. Þessi þörf er tvíþætt. Annars vegar er stór hópur fagfólks á Suðurlandi sem hefur starfað árum saman án formlegrar menntunar en vill bæta við sig þekkingu í styttri námsleiðum með sveigjanlegu fyrirkomulagi, þar sem raunfærnimat gæti stytt leiðina að formlegri menntun. Hins vegar er vaxandi hópur fyrrum nemenda sem vill uppfæra þekkingu

sína vegna hraðra tæknibreytinga og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Slíkt örnám er í takt við alþjóðlega þróun í háskólamenntun þar sem sveigjanleiki, styttri námslotur, hagnýtt nám og nánara samstarf við atvinnulíf eru í forgrunni. Í nýrri norrænni skýrslu um örnám (e. Microcredentials) er bent á að framtíð háskólamenntunar byggist á fjölbreyttum námsleiðum sem nýtast bæði sem sjálfstæðar einingar og sem hluti af stærri námsbrautum með möguleika á stöðluðu raunfærnimati til háskólaeininga og beinni tengingu við atvinnulíf. Áhersla er lögð á að tryggja samræmingu og gæði. Þá er brýnt að eiga samráð við stjórnvöld og móta skýra stefnu til að byggja upp formlegar leiðir fyrir örnám inn í menntakerfið og atvinnulífið.

Tillaga fundarins var að halda áfram samstarfinu, enda væri mikil þörf á að þróa slíka námsleið í nánú samstarfi við atvinnulíf og háskóla. Hér er um einstakt tækifæri að ræða til að byggja upp menntun sem tengir saman fræðilega þekkingu, verklega færni og raunverulegar þarfir atvinnulífsins. Sú reynsla sem myndi skapast gæti jafnframt orðið fyrirmynd að sambærilegum lausnum víðar um landið.

Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólans á Hólum

Ingvaldur Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands



Nachoskjúlli ala Gabríel

Gabríel Kristinnsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég er ekki þekktur fyrir að leggja mig mikið fram í eldhúsinu en þegar ég tek mig til geri ég eitthvað sem ég kalla nachos-kjúkling, einstaklega fljótleg og þægileg uppskrift sem klikkar seint.

Nachos-kjúlli ala Gabríel
Heill eldaður kjúklingur
Nachos-flögur (saltaðar)
Salsa-sósa
Ostasósa
Rifinn ostur
Jalapeno (má sleppa)

Kjúklingurinn er rifinn niður og settur í stóra skál. Sósusum er því næst blandað saman við kjúklinginn. Ég er ekki með neinar sérstakar skammtastærðir á hráefnunum heldur

mæli ég með að blanda þessu saman eftir ykkar smekk.

Næst blandið þið nachos-flögum varlega í skálina. Þið viljið reyna að hafa flögurnar sem minnst brotnar.

Setjið allt í eldfast mót með rifnum osti ofan á og jalapeno eftir smekk og eldið á 200°C hita þangað til osturinn er orðinn giltur.

Borið fram með guacamole og sýrðum rjóma.

Ég skora á Ingva Má Guðnason til að koma með uppskrift í næsta blað Dagskrárinnar.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Tré ársins í Jórúkletti á Selfossi

Tré ársins 2025 var formlega útnefnt á Selfossi laugardaginn 20. september við hátíðlega athöfn á bökkum Ölfusár. Að þessu sinni hlaut nafnbótina tré sem hefur vaxið á sérstökum stað, í Jórúkletti sem stendur í miðri ánni og blasir við bæjarbúum dag hvern.

Athöfnin fór fram við gamla braggann neðan við Ártún þar sem gestum var boðið upp á tónlistaratriði, ávörp og veitingar í boði Skógræktarfélags Íslands.

Tréð er talið vera um 50–60 ára gamalt. Mælingar sem gerðar voru við athöfnina sýndu að það er 9,7 metrar á hæð og þvermál þess í brjósthæð mælist



Ljósmynd: Dagskráin/BRV

37,5 sentimetrar, en Björgunarfélag Árborgar aðstoðaði við mælingar á trénu. Ekki er vitað

með vissu hvernig það komst á klettinn en tilkoma þess hefur lengi vakið athygli.

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Komið gott á ísum núna er, í það sakamaður stundum fer, er á bolla, ekki glasið ber, engin vissa fyrir þessu hér.

Svar við gátu í blaði 2820: **FÆRI**
1. í skotfæri - 2. í hljóðfæri
4. handfæri

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið: „Vetrarþjónusta Árborg 2025-2028“



Í verkinu felst snjóruðningur á götum, gönguleiðum meðfram götum og bílaplönum stofnana í Árborg. Útboðinu er skipt upp í þrettán hluta.

Helstu magntölur í verkinu má sjá hér:

Svæði	Forgangur 1	Forgangur 2	Ekki í forgangi	Bílastæði
	m	m	m	m ²
1	200	2.200	1.200	-
2	1.500	900	1.400	4.900
3	800	800	2.000	7.400
4	600	600	1.900	1.250
5	100	500	3.100	1.550
6	-	1.300	3.700	-
7	50	600	7.450	6.500
8	350	-	4.100	1.450
9	900	1.000	3.650	3.050
10	2.300	2.700	8.500	1.950
30	450	550	3.350	2.700
40	6.300	16.900		
50	1.100	4.400	11.000	480

Útboðsgögn eru aðgengileg á rafrænu formi í gegnum útboðsvef Árborgar á vefslóðinni: <https://arborg.ajoursystem.net/tender> eftir kl. 17:00 þann 22. september 2025.

Tilboðum skal skilað með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef Árborgar eigi síðar en kl. 10:00 þann 23. október 2025. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar tilboði hefur verið skilað á útboðsvefinn. Fundargerð opnunarfundar verður send öllum bjóðendum.

»DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERK
Prentgripur
1041 0858

Berserkir á Íslandsmótinu í GI

Berserkir mættu sterkir til leiks á Íslandsmótinu í GI með fjóra keppendur – og niðurstaðan var glæsileg: 4 gull, 1 silfur og 1 brons.

Þröstur Valsson átti frábæran dag og tryggði sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil eftir örugga sigra í báðum glímum sínum. Hann tók einnig þátt í opna flokknum þar sem hann sigraði eina glímu og tapaði annarri.

Sigríður Jóna keppti á sínu fyrsta móti og vann strax fyrstu glímuna sína gegn reyndari andstæðingi. Hún sýndi flott tilprif og lofar framtíðin góðu.

Hekla Dögg mætti félaga sínum Sigríði í innbyrðis viðureign og tryggði sér brons með sigri þar.

Arna Diljá náði silfri í opna flokknum. Hún lagði Heklu Dögg í undanúrslitum en mætti

síðan Önnu Soffíu í úrslitum sem fór með sigur af hólmi.

Þjálfari með hópnum var Egill Blöndal. Auk þess sá Arna Diljá einnig um framkvæmd mótsins, sem tókst mjög vel. Við þökkum BJÍ fyrir skemmtilegt og vel skipulagt mót!



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga:

1. Skátafélagið Fossbúar - Deiliskipulag - Félags- og útivistarsvæði

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 17.9.2025 tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til hluta opins svæðis OP1 skv. aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Í deiliskipulaginu felst afmörkun útivistarsvæðis sem Skátafélagið Fossbúar munu hafa til afnota. Innan tillögunnar er afmarkað svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu húsnæðis sem hýsir skátastarf í Árborg og að auki er afmarkað útivistarsvæði sem nýtist jafnt sem opið svæði fyrir almenning og starfsemi skátafélagsins.

Markmið tillögunnar er m.a. að nýta þá innviði sem svæðið hefur upp á að bjóða eins og bílastæði og gönguleiðir. Nýta þann gróður sem fyrir er og efla hann til muna með gróðursetningu nýrra plantna. Koma fyrir svæði sem nýtast má skólabörnum yfir veturinn til leikja og fræðslu. Koma fyrir litlum opnum húsum sem hýsa grillaðstöðu og fyrir útikennslu barna auk þess sem gert er ráð fyrir góðri tengingu við önnur opin svæði í næsta nágrenni.

2. Tryggvagata 36 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 17.9.2025 tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lóðar Tryggvagötu 36. Í breytingunni felst breytt notkun á svæðinu úr leikskóla í íbúðarhúsnæði. Skilgreindir eru byggingarreitir, hæðir húsa, hámarksbyggingarmagn, svæði undir bílastæði á lóð og nýr göngustígur sem liggur meðfram lóðinni. Lóðamörk haldast óbreytt. Á lóðinni er gert er ráð fyrir einu 3ja hæða fjölbýlishúsi ásamt skýli fyrir hjóla- og sorpgeymslu. Ekki er gert ráð fyrir kjallara undir húsum.

Gert er ráð fyrir að þriðja hæð hússins verði inndregin a.m.k. um 3 m á langhlið og 2 m á skammhliðar. Heildarfjöldi íbúða í húsinu geta orðið allt að 40. Heildarbyggingarmagn er að hámarki 3.000 m² og nýtingarhlutfall er um 0,97.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt niðurstaða bæjarstjórnar vegna eftirfarandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi:

3. Opin svæði OP1 - Óveruleg breyting á aðalskipulagi - Skátasvæði

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 17.9.2025 tillögu óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem tekur til OP1 opinna svæða. Í breytingunni felst að skilgreint er aukið byggingarmagn á svæði sem ætlað er sem aðstaða fyrir skátana. Samhliða er unnið að gerð deiliskipulags sem tekur til viðkomandi svæðis.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 25. september, til og með 17. október 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestr til að skila inn athugasemdum er til og með 17. október 2025

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi



Verkalýðsmálaráð
Samfylkingarinnar

Nýtt örorku- og endurhæfingar- lífeyriskerfi

Málþing laugardaginn 27. september
kl. 10:00-11:30 í Tryggvaskála á Selfossi.

Öll velkomin.



Krístrún Frostadóttir
forsætisráðherra



Sigríður Margrét Oddsdóttir
framkvæmdastjóri
Samtaka atvinnulífsins



Finnbjörn Hermannsson
forseti ASÍ

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar verður
haldinn á Hótel Stracta, Hellu sama dag kl. 12:30.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið
OPNUNARTÍMAR
Mánudaga kl. 11-14
Opið hús
Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur
Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið
Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús
Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni
Föstudagar kl. 11-13
Opið hús
Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáranir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi
Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net
Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA
Mán. kl. 20:30 - AA fundur þrið. kl. 19 - AA konufundur Mið. kl. 19:30 - AA fundur Fim. kl. 20 - AA karlafundur Fös. kl. 20:30 - AA fundur Lau. kl. 21 - AA opinn fundur Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur AA Hrísholti 8, Selfossi. Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa kro-kus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi. Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf
skattskil
Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

TIL SÖLU

Smáhýsi til sölu
Ekki leyfissskilyrt. 15fm smáhýsi. Smíðað hér fyrir ísl. aðstæður. Álklæðning. Góð einangrun. Niðurfall fyrir vask, sturtu, þvottavél og klósett. Nánar í s. 699-3327. Verð kr. 3.990.000 +vsk.



FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
Opin fimmtudaginn
25. sept. kl. 13:00-14:45
OPIÐ HÚS
Fim. 25. sept. kl. 14:45
Viðburðarstjórn kynnir
gesti í opnu húsi til áramóta
Kaffi og meðlæti
kr. 1500

FUNDIR

Vöflukaffi
Annað vöflukaffi vetrarins verður haldið næsta laugar-dag 27.sept. á Eyrarvegi 15 annarri hæð á milli klukkan 11 og 12. Gestur okkar er Guðni Ágústsson fyrrum formaður Framsóknarflokksins. Hann mun segja okkur frá magn-aðri brennu-reið og Njálsbrennu.
Allir velkomnir.


KIRKJUR

Hrepphóla kirkja
Kirkjuskóli laugardaginn 27. sept. kl. 11. Söngur, saga og gleði! Og munið að taka með bangsa, dúkkur eða tuskudýr! Sjáumst!

Stóra-Núpskirkja
Kvöldvaka mánudagskvöldið 29. sept. kl. 20. Hugljúfir sálmar, orð og bæn. Verið öll velkomin!

Skálholtsdómkirkja
Sunnudaginn 28. september fögnum við Mikjálsmessu og allra engla með messu kl 11 í Skálholti. Vígslubiskup emeritus sr. Kristján Valur Ingólfsson og Bergþóra Ragnarsdóttir djákni þjóna. Jón Bjarnason dómorg-anisti leikur á orgel, leiðir mes-susvör og sálma. Sr. Kristján Valur hefur þjónað Skálholti sem rektor og vígslu-biskup. Við erum glöð og heiðr-uð að taka á móti honum í helgipjónustunni á þessu fallega hausti. Innilega velkomin í Skálholtskirkju n.k. sunnudag kl. 11 til að þakka fyrir englana í lífi okkar.

Strandarkirkja
Uppskeruguðspjónusta sunnu-daginn 28. september kl. 14:00. Sólveig Franklinsdóttir, guð-fræðinemi prédikar. Félagar úr Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiða almennan safnaðarsöng. Sóknarprestur þjónar fyrir altari. Verum öll velkomin.



Við prentum
ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur
og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð L238531; Breytt lega frístundasvæði F22; Aðalskipulagsbreyting - 2406056
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst 2025 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breytttri legu frístundasvæðis F22, Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála.

2. Búrfellshólmi, Búrfell; Nýtt efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406006
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2025 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sem tekur til skilgreiningar á nýju efnistökusvæði á Búrfellshólmi austan Búrfells. Svæðið er í beinu framhaldi af núverandi efnistökusvæði E33. Áætluð efnistaka er allt að 4,5 milljón m3 og að efnisnám nemi um 80.000-300.000 m3 á ári í 10-15 ár. Stærð svæðis er 183 ha. Um er að ræða vikurnámu og er vikurinn einkum unninn til útflutnings. Starfsemi á nýju efnistökusvæði verður að öllum líkindum unnin á sambærilegan hátt og áður hefur verið á Búrfellshólmi og gengið verði frá því svæði þar sem efnistöku er lokið jafnóðum. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

3. Tungubakki 1 L238041 og 2 L238042; Skilgreining lands; Deiliskipulag - 2509002
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. september 2025, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Tungubakka 1 L238041 og Tungubakka 2 L238042 í Bláskógabyggð. Í deiliskipulaginu felst að byggingarreitir eru skilgreindir á hvorri lóð þar sem heimilt er að reisa íbúðarhús að hámarki 300 fm. Auk þess er heimilt að reisa bílskúr og gestahús ásamt skemmu/geymslu. Hámarksbyggingarmagn er 500 fm með íbúðarhúsi og hámarksmaenishæð er 5,5m. Aðkoma að lóðunum er frá Einholtssvegi.

4. Ás 3 1-8lóð L204637; Skilgreining frístundalóðar; Deiliskipulag - 2508021
Hreppsnefndar Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. september 2025, að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til Ás 3 1-8lóð L204637 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóðinni þar sem heimilt er að reisa allt að 200 fm frístundahús, 40 fm gestahús og 25 fm geymslu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Mál 1 - 2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 25. september 2025 með athugasemdarfresti til og með 7. nóvember 2025. Mál 3 - 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 25. september 2025 með athugasemdarfresti til og með 10. október 2025. Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.
Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Grunnstoðir sveitarfélagsins efldar til muna

Jákvæð uppbygging menntamála í Hveragerði

Það má með sanni segja að menntamál í Hveragerði séu á spennandi tímamótum. Gríðarlega mikil uppbygging hefur átt sér stað síðustu mánuði og erum við að uppskera eftir því. Stækkuð leikskólans Óskaland er afar jákvætt skref í átt að sterkari grunnstoðum fyrir yngstu íbúa bæjarins. Leikskólinn er því orðinn ný deilda leikskóli og skapast hefur rými fyrir fleiri börn, í umhverfi þar sem lausnamiðuð hugsun og fagmennska eru í forgrunni.

Nemendaverndarráð leikskólanna

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður undanfarið hefur starf leikskólanna Óskaland og Undralands verið til mikillar fyrirmyndar. Markviss vinna hefur átt sér stað í snemmtækri íhlutun innan leikskólanna, sérkennsla er öflug og fagfólk leikskólanna vinnur þétt saman með skýrum markmiðum um að styðja hvert barn á einstaklingsbundinn hátt. Ný-

stofnað nemendaverndarráð leikskólanna hefur einnig styrkt þetta starf með vel ígrundaðri teymisvinnu og faglegum lausnum. Leikskólinn Óskaland hefur nú tekið í notkun nýja og glæsilega viðbyggingu sem telur þrjár nýjar deildir og er mikil ánægja með þá góðu viðbót.

Spennandi tímar í grunnskólanum

Grunnskólinn í Hveragerði er að ganga í gegnum jákvæðar breytingar, með stækkuðum skólans og þróun nýs námsvers, en við gerð síðustu fjárhagsáætlunar Hveragerðisbæjar var samþykkt að bæta við stjórnanda í grunnskólanum sem kemur til með að stýra nýju námsveri. Með nýju námsveri og þeim námsaðstæðum sem þar skapast mun gefast gott tækifæri til að takast enn betur á við fjölbreyttar þarfir nemenda.

Nýsköpun í frístundastarfi

Frístundastarf í Hveragerði hefur blómstrað undanfarin ár. Þátttaka barna í frístundastarfi hefur aukist ár frá ári og fagmennska

starfsfólks frístundamiðstöðvarinnar hefur vakið verðskuldaða athygli út fyrir bæjarmörkin. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig starfið er stöðugt í endurskoðun og aðlagð að þörfum samfélagsins hverju sinni. Í því sambandi má nefna nýtt verkefni frístundastarfs með eldri borgurum, sem er sérstaklega spennandi og bætir við nýjum víddum í þjónustu í nærsamfélaginu.

Öflug fræðslu- og velferðarþjónusta

Skólalþjónustan í Hveragerði hefur einnig tekið stór skref í átt að bættri þjónustu. Bið eftir vinnslu tilvísana hefur styst verulega og innleiðing nýrra farsældarlaga hefur skapað betri grundvöll fyrir snemmtækan stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Samvinna og teymisvinna á milli þjónustu-

veitenda hefur reynst lykillingur að þessum árangri.

Fræðsluþjónustan hefur jafnframt haldið fræðsludaga fyrir starfsfólk og fræðsluerindi fyrir foreldra og almenning, sem hafa hlotið góðar undirtektir. Í upphafi árs var þróunarverkefnið Föruneyti barna – samstarf um stuðning við uppeldi og nám sett á stað hér í Hveragerði og foreldrum barna í árgangi 2019 boðin þátttaka. Verkefnið er samstarfsverkefni mennta- og barnamálaráðuneytis og Háskóla Íslands og styður við farsæld barna. Það er mikilvægt að styrkja og styðja við tengsl innan samfélagsins. Með þessum leiðum hefur það verið markmiðið, að styrkja og stuðla að góðum tengslum innan stofnanna og ekki síður við samfélagið allt.

Sandra Sigurðardóttir
Formaður Skólanevndar Hveragerðisbæjar og forseti bæjarstjórnar



Samvinna og björt framtíð
Tækifærin í menntamálum í Hveragerði eru fjölmörg og björt framtíð blasir við. Það hefur verið lögð rík áhersla hjá Okkar Hveragerði að styðja við og efla þennan málaflokk og það hefur svo sannarlega tekist vel til. Með samvinnu, lausnamiðuðri hugsun og gagnrýnu samtali getum við skapað menntakerfi sem styður við þarfir hvers og eins og styrkir samfélagið í heild sinni. Í Hveragerði er svo sannarlega gott að búa.

Við hjá Vélsmiðju Suðurlands leitumst eftir að ráða járnsmið/vélvirkja eða vanan málmsmið í framtíðarstarf. Við erum að leita af einstaklingi sem er með góða reynslu sem nýtist í starfi.

Umsóknir sendist á
margret@velsud.is

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

AKSTURSPJÓNUSTA FATLAÐRA

Grímsnes- og Grafningshreppur leitar að aðilum til að sinna akstursþjónustu fatlaðra.

Um er að ræða annars vegar 100% starf og hins vegar í hlutastarf og afleysingar. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Akstur samkvæmt akstursplani og pöntunum.
- Umsjón með bíl er varðar þrif og viðhald.
- Önnur tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni.

Hæfniskröfur

- Aukin ökuréttindi (Meirapróf).
- Hreint sakavottorð.
- Íslenskukunnátta áskilin.
- Þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Lausnamiðun og sveiganleiki.
- Reynsla af störfum með fötluðu fólki kostur.
- Önnur námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningsbíla.

Markmið akstursþjónustunnar er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómstunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2025



MÖGNUM

Sótt er um starfið á www.mognum.is
Nánari upplýsingar veitir:
Sigríður Ólafsdóttir | sigga@mognum.is





Jólahlaðborð á Hótel Eldhestum

Upplifðu töfra jólaanna með okkar dásamlega jólahlaðborði í hlýlegu umhverfi í sveitakyrrð

Dagsetningar: 28 & 29 nóvember, 5 & 6 desember og 12 & 13 desember







Verð fyrir jólahlaðborð: 15.000 kr á mann.

Verð fyrir gistingu í tveggja manna herbergi með jólahlaðborði og morgunverð á 45.900 kr fyrir tvo.

Verð fyrir gistingu í eins manns herbergi með jólahlaðborði og morgunverð á 27.450 kr á mann.

Hafðu samband við okkur með tölvupósti á info@eldhestar.is



ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI
897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



RS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is



FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Myndum og
staðsetjum lagnir

Stíflulosun og
rótahreinsum

15 ára reynsla

Sími 571 0300
frarennsl@gmail.com



Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólpheinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIRTÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG

510-1180 / 669-8441

Við prentum ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastæðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



534 9600

www.heyarn.is

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is